

**Þriðjudaginn 19. október 1943.**

**Nr. 9/1943. Þórður Guðmundsson** (Eggert Claessen hrl.)  
 gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar** (Ragnar Ólafsson hrl.).

**Úrskurður.**

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sekta og skaðabóta vegna afgreiðslubanns, sem hann setti á báta og bíla stefnanda sökum vinnudeilu, er stefnandi ásamt öðrum átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 6/1943: Þórður Guðmundsson gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall það, sem nefnt verklýðsfélag hóf 27. jan. s.l., og beindist m. a. gagnvart stefnanda þessa máls, hafi verið löglegt, og er í því máli krafizt, að verkfallið verði metið ólöglegt frá upphafi gagnvart stefnanda. Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lög-mæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til ábyrgðar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu, þar til úrslit eru fengin í félagsdómsmálinu nr. 6/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögu í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 6/1943.

**Þriðjudaginn 19. október 1943.**

**Nr. 10/1943. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes**  
 (Eggert Claessen hrl.)  
 gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar** (Ragnar Ólafsson hrl.).

**Úrskurður.**

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verður dæmdur til refsingar fyrir að hafa hafið